

Mál nr. 84/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. abyrgðartryggingar J

Flísar losnuðu í húsi og því haldið fram að það hafi verið vegna sprenginga þ. 31.3.2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 10.3.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 27.3.2009.

Málsatvik.

M er húseigandi í Brautarholti telur að tjón hafi orðið á húsi hans vegna sprenginga J í grunni á horni Höfðatúns og Borgartúns. M telur að flísar utan á húsinu og inni í húsinu hafi losnað við sprengingarnar. Forsvarsmaður M segir að eftir sprengingarnar hafi fólk sem var við vinnu hafi orðið vart við að gólfflísarnar lyftust upp. Fyrirsvarsmaður J sagði að nokkrar kvartanir hefðu borist frá íbúum í nágrenni framkvæmdasvæðisins en fyrirtækið færi eftir ákveðnum stöðlum og gildum og væru allar sprengingar sem gerðar hefðu verið innan við viðmiðunarmörk. M krefst bóta úr abyrgðartryggingu J hjá V og segir það staðreynd að flísar hafi losnað í og á húsi sínu vegna sprenginga J. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið hafi hvorki orðið af ásetningi eða gáleysi starfsmanna J og ekki liggi annað fyrir en réttilega hafi verið staðið að öllum sprengingum og þá sé hús M í 300 metra fjarlægð frá þeim stað þar sem sprengt var.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn J hafi framkvæmt sprengingar í húsgrunni þeim sem hér ræðir um með óforsvaranlegum hætti þannig að leiði til skaðabótaskyldu J. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr abyrgðartryggingu J hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr abyrgðartryggingu J hjá V.

Reykjavík 7.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.